

Sveitarfélagið Árborg
Skipulagsfulltrúi
Austurvegi 2 800 Selfossi

Austurhólar 2, 800 Selfossi, 20. maí 2025

Vegna tillögu að deiliskipulagi á svæði Hestamannafélagsins Sleipnis

Stjórn húsfélags Austurhóla 2, 800 Selfossi, andmælir hér með tillögu að deiliskipulagi í tengslum við stækkun á svæði Hestamannafélagsins Sleipnis – 2301178 (mál nr. 470/2025) – og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

Umferð og aðgengi: Svo virðist sem ekki sé gert ráð fyrir nýjum akvegum inn á svæðið. Vegna þess hve stækkunin er mikil, nýju húsin mörg og aukinnar starfsemi við reiðhöll og þess háttar má gera ráð fyrir talsverðri aukningu á umferð (fólksbíla og stærri ökutækja með kerrur) um íbúasvæði í grenndinni. Slíkt hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir íbúa svæðisins – ekki síst barnafjölskyldur, sem eru margar.

Ryk- og lyktarmengun: Gera má ráð fyrir að þessi mikla stækkun svæðisins hafi í för með sér bæði lyktar- og rykmengun – sem leggst yfir t.d. blokkirnar við Austurhóla þegar hann blæs úr norðri.

Fyrir hönd stjórnar húsfélags Austurhóla 2, 800 Selfossi
Rebekka Þráinsdóttir, ritari
Sími: 8965610
Netfang: rebekka@hi.is